

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2013****2013/EES/61/16****frá 3. maí 2013****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/14/ESB frá 8. maí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu metýlnónýlketóni við í I. viðauka við hana ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/15/ESB frá 8. maí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu dísartréskjarna við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/16/ESB frá 10. maí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu saltsýru við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/20/ESB frá 6. júlí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu flúfenoxúrón við fyrir vöruflokk 8 í I. viðauka við hana ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/22/ESB frá 22. ágúst 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu DDA-karbónati við í I. viðauka við hana ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/254/ESB frá 10. maí 2012 um að færa díklórvos ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/257/ESB frá 11. maí 2012 um að færa naleð ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/483/ESB frá 20. ágúst 2012 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 14 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽⁸⁾.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 124, 11.5.2012, bls. 36.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 25.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 227, 23.8.2012, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 125, 12.5.2012, bls. 53.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 126, 15.5.2012, bls. 12.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 226, 22.8.2012, bls. 6.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB):
 - „– **32012 L 0014**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/14/ESB frá 8. maí 2012 (Stjtið. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 36),
 - **32012 L 0015**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/15/ESB frá 8. maí 2012 (Stjtið. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 39),
 - **32012 L 0016**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/16/ESB frá 10. maí 2012 (Stjtið. ESB L 124, 11.5.2012, bls. 36),
 - **32012 L 0020**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/20/ESB frá 6. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 25),
 - **32012 L 0022**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/22/ESB frá 22. ágúst 2012 (Stjtið. ESB L 227, 23.8.2012, bls. 7).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zzi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 493/2012):
 - „12zzj. **32012 D 0254**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/254/ESB frá 10. maí 2012 um að færa díklórvos ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 125, 12.5.2012, bls. 53).
 - 12zzk. **32012 D 0257**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/257/ESB frá 11. maí 2012 um að færa naleð ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 126, 15.5.2012, bls. 12).
 - 12zzl. **32012 D 0483**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/483/ESB frá 20. ágúst 2012 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 14 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (Stjtið. ESB L 226, 22.8.2012, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2012/14/ESB, 2012/15/ESB, 2012/16/ESB, 2012/20/ESB og 2012/22/ESB og ákvarðana 2012/254/ESB, 2012/257/ESB og 2012/483/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.